


**Alþingi**  
**Erindi nr. P 132/1647**  
**komudagur 18.4.2006**



**Persónuvernd**

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: postur@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is

Alþingi  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. apríl 2006  
Tilvísun: 2006030142 ÞS/--

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit**

Persónuvernd vísar til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 8. mars 2006, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingar á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit. Er í frumvarpinu m.a. kveðið á um ýmis eftirlitsúrræði til handa Fjármálaeftirlitinu svo að það geti framfylgt þeim lögum sem um fjármálastarfsemi gilda, s.s. lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, lögum nr. 33/2003 um verðbréfaviðskipti, lögum nr. 34/1998 um starfsemi kauphalla og skipulagslegra tilboðsmarkaða, lögum nr. 60/1994 um váttryggingarstarfsemi og lögum nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Verði frumvarpið að lögum mun það hafa í för með sér vinnslu persónuupplýsinga, s.s. um einstaklinga, sem láta verða Fjármálaeftirlitinu í té gögn sem það telur nauðsynleg við mat á rekstri þeirra, en að undangengnum dómsúrskurði samkvæmt lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála afhendi þeir þau ekki sjálfviljugir, sbr. 3. gr. frumvarpsins um breytingar á 9. laga nr. 87/1998.

Fram kemur í 7. gr. frumvarpsins um breytingar á 13. gr. framangreindra laga að upplýsingar, sem háðar eru þagnarskyldu samkvæmt sérlögum eða öðrum lögum, verða háðar sambærilegri þagnarskyldu þegar þær hafa verið afhentar Fjármálaeftirlitinu. Þá kemur fram í sömu grein að eigi að veita upplýsingar um einstök mál, sem Fjármálaeftirlitið hefur til úrlausnar og þar sem framangreind þagnarskylda á við, skuli þær veittar í samandregnu formi þannig að einstakir aðilar séu ekki auðkenndir.

Eftir að hafa farið yfir frumvarpið telur Persónuvernd, m.a. í ljósi framangreindra ákvæða um þörf á dómsúrskurði og um þagnarskyldu, ekki ástæðu til athugasemda við efni þess.

Að lokum er beðist velvirðingar á þeim drætti sem orðið hefur á að veita þessa umsögn.

Virðingarfyllt  
f.h. forstjóra Persónuverndar

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Þórður Sveinsson'.

Þórður Sveinsson  
lögfræðingur